



- samhaefdirstadlar.is -

## Nýr vefur - Samhæfðir staðlar fyrir byggingarvörur

Alþjóðlega staðladaginn 14. október síðastliðinn opnaði Staðlaráð nýjan vef um samhæfða staðla fyrir byggingarvörur. Með væntanlegri reglugerð og samningi við Mannvirkjastofnun sem var undirritaður á dögnum mun vefurinn verða vettvangur fyrir opinbera birtingu þessara staðla. Umræddir staðlar eru skjöl sem Staðlaráð hefur staðfest sem íslenska staðla, skv. 8. grein laga um byggingarvörur nr. 114/2014. Löggin eru íslensk innleiðing á reglugerð ESB nr. 305/2011.

### Hægt að stórbæta þjónustu

Vefurinn er ekki eingöngu hugsaður til þess að uppfylla skyldu um opinbera birtingu staðla sem heyra undir vörutilskipun ESB um byggingarvörur. Með vefnum vilja Staðlaráð, Umhverfisstofnun og Mannvirkjastofnun



*Guðrún Rögnvaldardóttir, framkvæmdastjóri Staðlaráðs og Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar, handsala samning um vöktun og birtingu á staðlalistum fyrir byggingarvörur.*

## Námskeið 5. nóvember

Stjórnun upplýsingaöryggis samkvæmt ISO/IEC 27001

*Lykilatriði, uppbygging og notkun*

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti gert grein fyrir lykilatriðum staðlanna ISO/IEC 27001 og ISO/IEC 27002 og þekki hvernig þeim er beitt við stjórnun upplýsingaöryggis í fyrirtækjum og stofnunum.

ennfremur bæta þjónustu við þá sem þurfa að CE-merkja byggingarvörur eða styðjast við samhæfða íslenska staðla fyrir byggingarvörur með einhverjum hætti.

Staðlar sem heyra undir aðrar vörutilskipanir ESB eru ekki vaktaðir og birtir með sama hætti af Staðlaráði, þar sem slík opinber birting er á höndum annarra en Staðlaráðs. Hins vegar er það von Staðlaráðs að fleiri stofnanir sem ábyrgar eru fyrir vörutilskipunum ESB fari að dæmi Mannvirkjastofnunar og semji við

Staðlaráð um vöktun og birtingu á þeim stöðlum sem undir tilskipanirnar heyra. Þannig er hægt að stórbæta þjónustu við notendur staðlanna.

Alþjóðlegi staðladagurinn - bls. 2

ISO 14001:2015 - bls. 3

Nýjar útgáfur - bls. 4

- Ávarp á alþjóðlega staðladaginn -

## Staðlar – sameiginlegt tungumál heimsins



Dr. Junji Nomura,  
forseti IEC.



Houlin Zhao,  
framkvæmdastjóri ITU.



Zhang Xiaogang,  
forseti ISO.

Ímyndaðu þér heim þar sem Ígreiðslukortið þitt passar ekki í alla posa eða þar sem þú getur ekki skroppið út í búð og keypt ljósaperu sem passar í lampann þinn. Ímyndaðu þér heim án internetsins, heim þar sem væru engin landsnúmer fyrir síma eða númer til að auðkenna lönd og gjaldmiðla. Hvernig gætir þú vitað frá hvaða landi væri hringt eða hvernig þú ættir að hringja til annarra landa? Ef við hefðum ekki staðla, þá væru samskipti milli fólks, samhæfing véla, vara og vöruhuta miklum erfiðleikum háð.

Grafísk merki koma til dæmis mikilvægum upplýsingum á framfæri á fljótlegan og einfaldan máta, burtséð frá því hvaða tungumál við tölum eða lesum. Það geta

verið merki á fötum um meðferð og þvott, skilti um flóttaleiðir við neyðarrýmingu eða leiðbeiningarmerki á raftækjum. En ef allir notuðu sín eigin merki til að tákna það sama, þá myndu þau ekki ná tilgangi sínum!

Tæknin þarf einnig á stöðlum að halda til samskipta. Hefur þú velt því fyrir þér hvernig tölvan þín getur sent skjöl til prentara sem er frá öðrum framleiðanda? Í stöðlum eru settar almennar grunnreglur og gildi þannig að vörur geti unnið saman. Stöðluð skráarsnið eins og MPEG og JPEG gera þér kleift að deila myndum og myndböndum til fjölskyldu og vina sem nota búnað frá mismunandi framleiðendum.

Hugsaðu þér hvað það væri erfitt að panta vörur og hluti frá alþjóðlegum

dreifingarfyrirtækjum ef við hefðum ekki staðlaðar mælieiningar. „Small“, „Medium“, „Large“ hafa mismunandi þýðingu í huga fólks.

Staðlar eru ekki aðeins til hagsbóta í verslun heldur auðvelda þeir fólki um allan heim að vinna saman. Alþjóðlegir staðlar eru eins og Rósettusteinninn í heimi tækninnar. Þeir eru grunnforsenda þess að tæki geti unnið snurðulaust saman og að fólk geti átt auðveld samskipti sín á milli. Þegar staðlar eru fyrir hendi þá virka hlutirnir einfaldlega. En ef þeir eru ekki fyrir hendi þá tókum við strax eftir því. Í heimi án staðla yrðu daglegar athafnir okkar á borð við að hringja í síma, vafra á netinu og nota greiðslukort á ferðalögum, mjög flóknar og nánast óframkvæmanlegar.

- Íslensk þýðing -

## Jarðtenging háspennuvirkja

Út er komin íslensk þýðing á staðlinum ÍST EN 50522 *Jarðbinding háspennuvirkja*. Staðallinn kemur í stað ÍST 170 *Háspennuvirki fyrir riðspennu yfir 1 kV, ásamt staðlinum ÍST EN 61936-1 Power installations exceeding 1 kV a.c. - Part 1: Common rules*.

Báðir staðlamir, ÍST EN 50522:2010 og ÍST EN 61936-1:2010, eru fáanlegir í Staðlabúðinni á vef Staðlaráðs, [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is)

Í umfangi staðalsins ÍST EN 50522 *Jarðbinding háspennuvirkja*, segir meðal annars eftirfarandi: „Þessi evrópski staðall

tilgreinir kröfur um hönnun og byggingu jarðtengikerfa raforkuvirkja, í kerfum með riðspennu að nafngildi yfir 1 kV og máltíðni allt að 60 Hz, svo að öryggi þeirra sé tryggt og þau gegni trúflunarlaust hlutverki sínu við tilætlaða notkun.“

- Nýr ISO 14001:2015 -

# Í takti við þróun umhverfisstjórnunar

Vart líður sá dagur að málefni umhverfisins komi ekki við sögu í fréttum fjölmiðla. Í auknum mæli gera menn sér grein fyrir mikilvægi góðrar stjórnunar þessa málaflokks í rekstri fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. Umhverfissvandamál á borð við aukin gróðurhúsaáhrif kalla á sameiginlegt átak allra og staðallinn ISO 14001 *Umhverfisstjórnunarkerfi – Kröfur ásamt leiðsögn um notkun* er einmitt það tól sem fyrirtæki geta nýtt sér til að koma á góðri stjórnun umhverfismála.

## Nýjar áherslur

ISO 14001 kom fyrst út árið 1996 og er í dag lang útbreiddasti staðallinn í heiminum á sviði umhverfisstjórnunar. Í september síðastliðnum leit dagsins ljós töluvert mikið endurbætt útgáfa staðalsins. Í nýrri útgáfu er ákveðin áherslubreyting þar sem tekið er mið af breytingum sem orðið hafa í umhverfisstjórnun á síðustu árum ásamt breytingum sem orðið hafa í miðlun upplýsinga og geymslu gagna.

Staðallinn byggir nú í ríkari mæli á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar en áður var. Lögð er áhersla á að fyrirtæki beiti ekki eingöngu fyrirbyggjandi aðgerðum, t.d. *mengunarvörnum í eigin starfsemi* (e. Prevention of pollution), heldur taki á rót vandans og *verji umhverfið* (e. Protect the environment). Nú er einnig lögð áhersla á að umhverfisþættir fyrirtækisins séu ekki aðeins þættir í eigin starfsemi sem áhrif hafa á umhverfið heldur einnig þættir annars staðar í virðiskeðjunni, sem fyrirtækið getur haft áhrif á. Þannig er *vistferilshugsun* orðinn mikilvægur þáttur í ISO 14001 (e. Life Cycle



Eva Yngvadóttir,  
verkefnisstjóri EFLU Verkfræðistofu.



Helga Jóhanna Bjarnadóttir,  
sviðsstjóri umhverfissviðs  
EFLU Verkfræðistofu.

Thinking). Sem dæmi má nefna að við hönnun og framleiðslu á vöru er reynt að draga úr heildarumhverfisáhrifum sem verða í vistferli vörunnar (hönnun, innkaup, framleiðsla, flutningur, notkun, endurvinnsla eða förgun). Mikilvægt er að fyrirtækið sé í góðu samstarfi við aðra í virðiskeðjunni til að draga úr áhrifum sem geta orðið ofar í keðjunni, t.d. við öflun hráefna, eða neðar í virðiskeðjunni við endurvinnslu.

## Aukið hluverk stjórnenda og yfirsýn

Önnur meginbreyting er að lögð er ríkari áhersla á hlutverk yfirstjórnar í umhverfisstjórnuninni og að umhverfisstjórnunin fléttist inn í alla stefnu- og áætlanagerð tengda viðskiptaferlum fyrirtækisins. Lögð er áhersla á árangur í umhverfismálum og að viðmið þar að lútandi séu til umræðu bæði á efstu stjórnunarstigum sem og í mismunandi rekstrareiningum.

Önnur breyting sem má nefna er að fyrirtæki þurfa að þekkja *ytra umhverfi* sitt (e. The context of the organization), ekki einungis lagalegar kröfur heldur einnig hverjir eru hagsmunaaðilar fyrirtækisins og hvaða

kröfur þeir gera til fyrirtækisins á sviði umhverfismála. Lögð er áhersla á að fyrirtæki geri sér grein fyrir þeirri áhættu sem tengist kröfum sem snúa að umhverfismálum og nýti tækifæri til að gera betur og jafnvel spari fjármagn í leiðinni.

Staðallinn ISO 14001:2015 er nú með sama grundvallarsniði og aðrir stjórnunarstaðlar ISO, t.d. gæðastjórnunarstaðallinn ISO 9001 og væntanlegur ISO 45001, staðall um vinnuverndarmál sem er í undirbúningi. (núverandi OHSAS 18001). Þessi breyting einfaldar alla samræmingu milli þessara þriggja stjórnunarstaðla þannig að fyrirtæki eiga auðveldara með að innleiða þá alla í stjórnkerfi sitt.

Virk umhverfisstjórnun í takt við kröfur ISO 14001:2015 leiðir fyrirtæki inn á þá braut að leita stöðugt tækifæra til hagkvæmra umbóta á sviði umhverfismála svo sem með sjálfbærri nýtingu auðlinda og minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Fyrirtæki sem í dag eru vottuð skv. ISO 14001:2004 hafa þrjú ár til að aðlaga stjórnkerfi sitt að breyttum kröfum.

## Staðlapósturinn

rafrænt fréttabréf Staðlaráðs  
Ert þú áskrifandi?  
[www.stadlar.is](http://www.stadlar.is)





- ISO 14001 og ISO 9001 -

## Nýjar útgáfur!

Í september tóku gildi nýjar útgáfur í tveggja alþjóðlegra staðla sem má fullyrða að séu þekktustu staðlar *Alþjóðlegu staðlasamtakanna* ISO. Um er að ræða gæðastjórnunarstaðalinn ISO 9001 og umhverfisstjórnunarstaðalinn ISO 14001. Fullt heiti staðlanna er annars vegar ISO 9001 *Gæðastjórnunarkerfi - Kröfur og hins vegar ISO 14001 Umhverfisstjórnunarkerfi - Kröfur ásamt leiðsögn um notkun.*

### ISO 9001:2015

„ISO 9001 gerir fyrirtækjum betur kleift að laga sig að breyttum aðstæðum. Staðallinn eykur getu fyrirtækja til að uppfylla óskir viðskiptavina og leggja traustan grunn að vexti og viðvarandi árangri“, segir starfandi forseti ISO, Kevin McKinley.

Að sögn Nigel Crofts, formanns vinnu- hópsins sem hefur þróað og endurskoðað staðalinn, þá er hér frekar um að ræða þróun en byltingu frá fyrri útgáfu.

„Við erum bara að laga ISO 9001 betur að 21. öldinni. Í fyrstu útgáfum ISO 9001 var lögð töluverð áhersla á fyrirmæli, með mörgum kröfum um skráðar verklagsreglur og skrár. Í útgáfunum frá árinu 2000 og 2008 einbeittum við okkur meira að stjórnun ferla, en lögðum minna upp úr skjalfestingu.“

Nú höfum við gengið skrefinu lengra. Í ISO 9001:2015 er jafnvel enn minna um fyrirmæli en í fyrri útgáfum, en meiri áhersla á frammistöðu. Okkur tókst þetta með því að tvinna saman ferlisnálgun og hugmyndafræði áhættustjórnunar, ásamt því að nota umbótahringrásina, skipuleggja – gera – athuga/skoða – fylgja eftir (e. PLAN – DO – CHECK – ACT), á öllum sviðum fyrirtækisins.

Þar sem við vitum að fyrirtæki í dag styðjast við fleiri stjórnunarkerfisstaðla, þá höfum við gert útgáfuna árið 2015 þannig úr garði að hana megi auðveldlega fella inn í önnur stjórnunarkerfi. Nýja útgáfan þjónar einnig sem grunnur fyrir gæðastaðla sem bundnir eru tilteknum geirum atvinnulífsins (bílaíðnaði, flugvélaíðnaði, lækningatækjáiðnaði), og tekur mið af þörfum eftirlitsstofnanna.“

### ISO 14001:2015

Nýja útgáfan tekur mið af nýjum straumum, eins og aukinni vitund fyrirtækja um að taka þurfi tillit til bæði innri og ytri þátta ef meta eigi áhrif starfseminnar á umhverfið, þar með talið þátta eins og loftslagsbreytinga.

Aðrar lykilendurbætur í nýju útgáfunni varða meðal annars í eftirfarandi:

- Að áætlunum sé fylgt fastar

- Aukna áherslu á forystu, skuldbindingu æðstu stjórnenda
- Aukna vernd umhverfisins með forvirkum aðgerðum
- Skilvirkari og skipulagðari samskipti
- Að hugað sé að líftíma vöru og þjónustu á hverju stigi, allt frá vöruþróun og svo lengi sem varan endist.

Tuttugu ár eru bráðum liðin frá því ISO 14001 kom fyrst út. Anne-Marie Warris er formaður tækninefndarinnar sem þróaði staðalinn og sá um endurskoðun hans. Hún er sannfærð um að staðallinn muni verða mikilvægur önnur tuttugu ár til viðbótar: „ISO 14001 hefur uppfyllt margar vonir sem við höfum gert okkur síðastliðin tuttugu ár, þar á meðal að hjálpa fólki til þess að stjórna öllum umhverfisþáttum á heildstæðan máta.“

Áætlað er að ISO 14001:2015 taki gildi sem íslenskur og evrópskur staðall í október. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um íslenska þýðingu hans. Íslensk útgáfa ISO 9001:2015 tekur væntanlega gildi snemma á næsta ári. Unnið er að þýðingu staðalsins. Rétt er að minna á að vottanir samkvæmt eldri útgáfum beggja staðla eru gildar allt að þrem árum eftir að nýju útgáfurnar taka gildi.



## Staðlar léttu þér lífið...

... þegar þú tekur á móti túristum.

ISO 13810 *Tourism services - Industrial tourism - Service provision* er nýr alþjóðlegur staðall ætlaður opinberum fyrirtækjum og einkareknum, sem vilja bjóða ferðamönnum að skoða og fræðast um starfsemi sína. - Staðallinn fæst í Staðlabúðinni.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjörtur Hjartarson.